Á SÍFELLT ÞYNNRI ÍS

TAFARLAUSRA AÐGERÐA KRAFIST TIL AÐ DRAGA ÚR LOSUN Á SVÖRTU KOLEFNI

INTRODUCTION

Loftslagsvendipunktar undirstrika brýna nauðsyn þess að draga úr losun á svörtu kolefni á norðurslóðum

Loftslagsváin verður sífellt ógnvænlegri og við blasa fjölmargir loftslagasvendipunktar sem munu valda óafturkræfum breytingum. Því verður alþjóðasamfélagið að setja í algjöran forgang að draga úr losun svarts kolefnis á norðurslóðum. Alþjóðasiglingmála-stofnunin (IMO) verður að bregðast svo fljótt sem auðið verður til að hægja á og snúa við hraðri bráðnun íss og jökla á norðurslóðum; bráðnun sem hraðar hlýnun andrúmslofts Jarðar.
Norðurslóðir hlýna fjórum sinnum hraðar en meðaltal heimsins alls, að hluta til vegna aukinnar losunar svarts kolefnis frá skipum. Bráðnun íss á norðurslóðum, skaðleg áhrif mengunar og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni munu hafa djúpstæð áhrif á hnattrænt veðurfar, vistkerfi og hækkun sjávarstöðu. Hið sama á við frumbyggja norðurslóða og þá náttúru sem þeir treysta á fyrir lífsviðurværi sitt.

Í júlí 2025 gaf Pacific Environment út skýrsluna „On Thin Ice: Why black carbon demands urgent action“ þar sem færð eru sterk rök fyrir því að skip sem sigla um norðurslóðir eða nærri norðurslóðum verði að nota “heimskautaeldsneyti”. Það er hreinna, eimað skipaeldsneyti sem veldur mun minni losun á svörtu kolefni. Þessi skýrsla — „On ever thinner ice“ — uppfærir þróunina síðan þá, þar á meðal:

- Á vettvangi IMO er nú rætt um tillögu sem Danmörk, Frakkland, Salómoneyjar og Þýskaland hafa lagt fram, þess efnis að skipum sem sigla um norðurslóðir verði skylt að brenna heimskautaeldsneyti – eldsneyti sem ekki losar svart kolefni.
- Loftslagsvendipunktar eru ógnvekjandi, yfirstignir eða yfirvofandi.
- Nýlega birtar rannsóknir sýna að hafís minnkar hratt sem veikir fæðukeðju fiska og sjávarspendýra.
- Rýrnun íss á landi og í höfum í kringum norðurslóðir veit á mikla hækkun yfirborðs sjávar og röskun á helstu hafstrauma.
- Losun svarts kolefnis frá skipaflutningum eykst stöðugt og neikvæð áhrif þess hafa verið vanmetin.
- Ráðgefandi álit Alþjóðadómstólsins í Haag frá 23. júlí 2025 áréttar skyldur ríkja til að koma í veg fyrir tjón af völdum loftslagsbreytinga.

Þessi þróun undirstrikar brýna nauðsyn þess að aðildarríki IMO grípi til tafarlaustra aðgerða til að draga úr skaðlegum afleiðingum loftslagsbreytinga á norðurslóðum sem hlýst af losun svarts kolefnis frá skipaflutningum.

Aðildarríki IMO verða að bregðast við

Til að vernda norðurslóðir gegn losun svarts kolefnis frá skipum verða aðildarríki IMO að samþykkja lögboðna breytingu á Alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL). Breyting sem skyldar aðildarríkin til að nota hreinna skipaeldsneyti á norðurslóðum í víðtækum skilningi.

Þegar Nefnd IMO um verndun hafsins (MEPC 85) kemur saman í nóvember 2026 er afar mikilvægt að hún fjalli um skilgreiningu þess hafsvæðis þar sem einungis verði leyft að brenna heimskautaeldsneyti. Þegar svo undirnefnd MEPC um mengunarvarnir og viðbrögð við mengun, (PPR 14) kemur saman í 14. sinn í janúar 2027 er nauðsynlegt að hún samþykki að vernda norðurslóðir með því að mæla með lögskyldum skiptum úr lítt hreinsuðu eldsneyti yfir í heimskautaeldsneyti eins og eimað MGO fyrir skip sem sigla á norðurslóðum, skilgreind með víðtæktum hætti,, sem taki gildi hið fyrsta. MEPC 86, sem sum mun funda í október 2027, verður síðan að bregðast við tillögu PPR 14.

PACIFIC ENVIRONMENT

CLEAN ARCTIC ALLIANCE